

Rím – samstæðuspil/bingó gert af barnahópnum

(myndir á næstu bls.)

Efni:

- A4 pappír í ljósum lit (eins þykkur og kemst í plöstunurvél)
- Litir til að teikna með
- Plöstunurvél og plast
- Karfa undir rímsspjöldin

Aðferð:

- Gerðir feringar í tölvu (þannig að 6 komist fyrir á hverri blaðsíðu um 8 cm hver hlið)
- Prentað út á þykka, ljósa pappírinn
- Krakkahópur teiknar rímmyndir í hvern ramma
- Plastað í plöstunurvél

Leikurinn:

- Spjöldunum raðað á borð eða gólf með myndahliðina niður. Leikurinn gengur út á að para saman þær myndir sem ríma.
- Taka annað rímið til hliðar og skipta hinum spjöldunum á milli barnahópsins sem er með í leiknum. Krakkarnir raða sínum spjöldum eins og bingóspjöld og snýr rímið upp. Bingóstjórinn les upp rímorðin t.d. hús og eiga þá krakkarnir að skoða hjá sér hvort orðið sem rímar við hús er á þeirra „bingóspjaldi“ Sá vinnur sem fyrstur klárar sitt spjald.

Ath:

- Ég vann þetta verkefni með tveimur hópum elstu barnanna og fóru tveir hópastarfstímar í það. Í fyrri tímanum skoðuðum við rímmyndir, pöruðum saman rím og þau völdu sér svo fjögur rím hvert sem þau ætluðu svo að teikna. Í seinni tímanum teiknuðu þau svo það sem þau höfðu ákveðið og í sameiningu plöstuðum við spjöldin. Þetta var svo formleg gjöf til tveggja elstu deildanna.

